

## **BÓKIN THE REFUGEE SYSTEM EFTIR ARAR OG FITZGERALD - FÆRSLA 1 AF 4**

### **KLISJAN UM ÓLEYSANLEGAN VANDA**

Bókin *The Refugee System* eftir Rawan Arar og David Scott FitzGerald kom út hjá bókaútgáfunni Polity árið 2022. Hún er ólík öðrum bókum sem ég hef lesið um flóttamannavanda samtímans. Sérstaða hennar er bæði í því fólgin hvernig höfundarnir nýta þekkingu á sviði félagsfræði og sagnfræði og hve gagnrýnin þau eru á ríkjandi hugtakanotkun, stefnumótum og orðræðu alþjóðastofnana.

Bókin er afar efnismikil þótt hún sé ekki nema 272 blaðsíður. Þess vegna ætla ég að segja frá henni í nokkrum færslum fremur en einni. Í þessari fyrstu tæpi ég á gagnrýni á algenga klisju í umræðum um flóttamenn. Hún er að flóttamannavandi heimsins sé stærri og meiri nú en nokkru sinni fyrr.

Þetta segja Arar og FitzGerald að sé fjarri öllum sanni. Árið 2020 voru, segja þau, um 1% mannkyns á flótta en í lok síðari heimsstyrjaldarinnar hafi hátt í tvöfalt fleiri verið á hrakningi, eða um 175 milljónir, og þá hafi sá fjöldi verið um 7,6% mannkyns.

Það fylgir sögu hjá þeim að ólíkar lögfræðilegar skilgreiningar á því hver teljist flóttamaður og hver ekki hafi mikil áhrif á tölurnar. Til dæmis teldust mun færri hafa verið á flótta í seinni heimsstyrjöld ef tugmilljónir Kínverja sem hröktust undan hernaði Japana væru ekki taldir með á þeim forsendum að þeir hafi haldið sig innan landamæra Kína.

Arar og FitzGerald fjalla um fleiri tímabil en styrjaldarárin síðari, meðal annars um fólksflótta út af erjum Rússa og Tyrkjaveldis á nítjándu öld og gríðarlega þjóðflutninga sem tengja má fyrri heimsstyrjöldinni.

Klisjunni um stærð vandans nú er að mati höfunda annars vegar haldið á lofti af þeim sem vilja fá meiri framlög vegna flóttafólks og hins vegar af þeim sem vilja helst að okkur fallist hendur og við hunsum vandann. Ýkjurnar styðja mál þeirra sem segja að vandinn sé óleysanlegur og uppgjöf því að minnsta kosti afsakanleg. Sannleikurinn er samt sá, segja þau, að þessi vandi á sér langa sögu, hefur stundum verið stærri en nú og lönd hafa oft tekið við miklum fjölda flóttamanna og vegnað vel eftir það.

(Birt á Facebook 15. ágúst 2023)

## **BÓKIN THE REFUGEE SYSTEM EFTIR ARAR OG FITZGERALD – FÆRSLA 2 AF 4**

### **KLISJAN UM SÓKN Í VELFERÐARKERFI VESTURLANDA**

Ein af klisjunum sem Rawan Arar og David Scott FitzGerald gagnrýna í bók sinni, *The Refugee System*, er að flóttamannavandi heimsins skýrist af því að stór hluti af íbúum fátækra landa reyni að flýja til ríkra landa og komast þar á framfæri hins opinbera.

Þau lýsa efasemdum um að hægt sé að draga skörp skil á milli efnahagslegra flóttamanna og fólks sem flýr undan ofbeldi. Fátækt fólk er oftast varnarlausara en ríkir samborgarar og þegar verður róstusamt er stundum engin leið að segja hvort einstaklingur hrekst af landi brott vegna þess að hann hefur ekki efni á að koma sér fyrir á öruggari stað innan lands eða vegna þess að setið er um líf hans.

Hvað sem líður þeim vanda að greina á milli flótta undan ofbeldi og flótta undan fátækt er það staðreynd að flestir sem eru landflótta koma frá fáeinum löndum þar sem annað hvort geisar stríð eða mikið er um ofbeldi og ofsóknir. Flóttinn hefur mun meiri fylgni við ógn af ofbeldi en við fátækt.

Um þetta segja höfundar sömu sögu og Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna (UNHCR). Samkvæmt tölum á vef stofnunarinnar (<https://www.unhcr.org/>) voru í árslok 2022 um 87% allra flóttamanna frá tíu löndum, þar af langflestir frá Sírylandi, Úkraínu, Afganistan, Venesúela og Suður Súdan. Þorri þessara flóttamanna dvelur í löndum þar sem tekjur á mann eru lægri en í Vestur Evrópu og Norður Ameríku, einkum í Tyrklandi, Íran, Kólumbíu, Pakistan og Úganda. Eina ríka landið sem hýsir mikinn fjölda flóttamanna er Þýskaland en almenna reglan er að flóttamenn fara til nágrennalands og fáir þeirra freista inngöngu í auðugustu ríki jarðarinnar.

Alþjóða vinnumálastofnunin (ILO) mælir hvað stór hluti þjóðarframleiðslu einstakra ríkja fer í félagsleg öryggisnet og velferðarkerfi. Heimsmeðaltalið er 6,9% en meðaltalið í þeim 15 ríkjum sem Sameinuðu þjóðirnar segja að hýsi flesta flóttamenn er 2,3%. Það er því einber heilaspuni að flóttamannavandi samtímans stafi einkum af því að íbúar fátæku landanna flykkist þangað sem eru góð og gjöful velferðarkerfi.

(Birt á Facebook 16. ágúst 2023)

## **BÓKIN THE REFUGEE SYSTEM EFTIR ARAR OG FITZGERALD – FÆRSLA 3 AF 4**

### **ALÞJÓÐLEGT KERFI SEM VIRKAR EKKI**

Í bók sinni, *The Refugee System*, fjalla Rawan Arar og David Scott FitzGerald ítarlega um það alþjóðlega kerfi sem Sameinuðu þjóðirnar (SP) hafa sett á fót til að hjálpa flóttamönnum. Það byggist á Samningi SP um réttarstöðu flóttamanna frá 1951 og bókun frá 1967 sem á að tryggja að samningurinn gildi um allt fólk sem flýr stríð og ofsóknir.

Arar og FitzGerald benda á að stór hluti af alþjóðlegri umræðu um málefni flóttamanna taki mið af þessum tveimur plöggum þótt 45 af 193 aðildarríkjum SP hafi ekki skrifað undir þau og árið 2020 hafi um 40% þess fólks sem Flóttamannastofnun SP (UNHCR) taldi til flóttamanna dvalið í löndum sem eru ekki aðilar að samningnum. Þau segja enn fremur að af einni saman vitneskju um hvort ríki á aðild að samningnum verði í raun hvorki neitt um það ályktað hvort það tekur á móti mörgum flóttamönnum né um hvernig það reynist þeim. Veruleiki flóttamanna hefur afar lausleg tengsl við alþjóðlega kerfið eins og það lítur út á pappírnum.

Meðal dæma um ríki sem eru ekki aðilar að samkomulaginu en hýsa samt fjölda flóttamanna nefna þau Jórdaníu, Líbanon og Sádi-Arabíu. Þessi dæmi eru forvitnileg fyrir margra hluta sakir meðal annars vegna þess að þau sýna hvernig tölfræði um flóttamenn getur verið á skjön við veruleikann. Þau nefna til dæmis að árið 2018 hafi Sádi-Arabía hýst um 670 þúsund „gesti“ frá Sýrlandi. Þeir höfðu leyfi til að vera í landinu þótt yfirvöld þar tækju ekki á móti þeim sem flóttamönnum en álíka fjöldi Sýrlendinga í Jórdaníu taldist hins vegar flóttamenn.

Kerfisbundin úrræði SP í málefnum flóttamanna einkennast, segja Arar og FitzGerald, af flóttamannabúðum þar sem miklum fjölda er safnað saman. Þessar búðir eru flestar í fremur fátækum nágrannarríkjum landanna sem flóttamennirnir koma frá og kjör fólks innan þeirra oft afar slæm. Látið er heita að þegar fólk kemur í flóttamannabúðir verði fundin úrræði af þremur gerðum sem eru: 1) að snúa aftur heim; 2) að aðlagast lífi í landinu þar sem flóttamannabúðirnar eru; 3) að fá dvalarleyfi og byrja nýtt líf í öðru landi. Með því að gefa fólki vonir um slík úrræði er straumnum beint inn í búðirnar. En í flestum tilvikum eru þessar vonir aðeins tál og tyllisýn.

Það sem af er þessari öld hafa árlega innan við 1% þeirra sem eru í flóttamannabúðum fengið dvalarleyfi í öðru landi og innan við 2% hafa snúið aftur heim. Við þetta bætist að löndin sem hýsa flóttamannabúðirnar reyna að halda flóttamönnum innan girðingar og gera vanda þeirra sýnilegan til að þrýsta á um fjárframlög frá alþjóðasamfélaginu.

Flóttamannabúðir verða því nánast eins og fangabúðir þar sem flestir dvelja árum eða

áratugum saman. Ein afleiðing þessa er að fólk á flóttu reynir í vaxandi mæli að forðast þessar búðir og freista þess að komast eitthvert þar sem hægt er að lifa á svartri vinnu utan við öll opinber kerfi. Eigi að síður viðhalda ríki heims þessu misheppnaða kerfi. Höfundar segja að hluti af viðhaldi þess byggist á því að ríku löndin í norðrinu veiti fjárstuðning og örfá dvalarleyfi og geri fólki í suðrinu þannig ögn auðveldara að trúá því að búðirnar séu hluti af alþjóðlegri samstöðu um að standa við þau fögru fyrirheit sem gefin voru árið 1951 með Samningi SP um réttarstöðu flóttamanna.

(Birt á Facebook 17. ágúst 2023)

## **BÓKIN THE REFUGEE SYSTEM EFTIR ARAR OG FITZGERALD – FÆRSLA 4 AF 4 FLÓTTAMENN OG HAGSMUNIR VIÐTÖKULANDA**

Bókin *The Refugee System* eftir Rawan Arar og David Scott FitzGerald einkennist af köldu félagsfræðilegu raunsæi. Höfundar reyna ekki að fegra hlut neins. Þau benda raunar á að flóttamannastraumur til lands skapar stundum stórmikil vandræði fyrir íbúa sem þar eru fyrir: Evrópumenn sem fluttu til Ameríku á flóttu undan kúgun og harðstjórn drápu frumbyggja og hröktu óravegu frá upphaflegum heimkynnum; Börn þeirra sem flúðu frá Kákasus- og Balkanlöndum til Tyrklands á nítjándu öld áttu þátt í þjóðarmorði á Armenum; Landflóttu Gyðingar sem stofnuðu ríki eftir miðja síðustu öld ráku fjölda Palestínnumanna á flóttu.

Arar og FitzGerald benda á að nú sé stundum um það rætt að fyrr á árum hafi fólk sem var akkur í að taka við verið á flóttu undan raunverulegum ofsóknum en flóttamenn nútímans séu einhvern veginn öðru vísi og viðsjárverðari. Þau segja að þetta sama hafi verið sagt á fjórða áratug síðustu aldar þegar embættismenn, t.d. í Frakklandi, stimpluðu Gyðinga á flóttu frá Þýskalandi sem landflóttu að eigin sögn en í raun aðeins í leit að betri kjörum. Þau bæta því við að fátækasta fólkið leggi síður á flóttu en þau sem eitthvað eiga, einfaldlega vegna þess að það er dýrt að ferðast. Í mörgum tilvikum er eina leiðin að greiða smyglurum háar fjárhæðir fyrir leiðsögn og far.

Höfundar telja að þessi vel þekktu sannindi breyti því ekki að flóttamenn bæta stundum hag viðtökuríkja rétt eins og aðrir innflytjendur. Þau nefna sem dæmi að eftir stríðið í Víetnam tóku Bandaríkin við mörgum flóttamönnum þaðan og þegar efnahagur Víetnam rétti út kútnum gegndu þessir flóttamenn og börn þeirra lykilhlutverkum í ábatasömum viðskiptum landanna tveggja.

Forsenda þess að flóttamenn bæti hag viðtökuríkja er vitaskuld að þeim sé heimilt að stofna fyrirtæki eða ráða sig í vinnu. Það sem er öfugsúnast við þá „hjálp“ sem nú tíðkast að veita er hve mörgum er bannað að afla sér tekna. Fólki sem svo er ástatt fyrir þarf peninga frá öðrum.

Það eru undarlegar björgunaraðgerðir að banna nauðstöddu fólki að bjarga sér sjálft. Eftir lestur bókarinnar leitar sú spurning á hugann hvort ekki sé betra að leyfa flóttamönnum einfaldlega að dreifast um heiminn og afla tekna með löglegum hætti heldur en að loka þá inni í flóttamannabúðum eða hrekja þá í ólöglega svarta vinnu. Við vitum ekki hvort þetta mundi fjölga flóttamönnum. Það má kannski segja sem svo að fleiri hljóti að fara ef ferðin er gerð auðveldari og álitlegri. Hér er þó ef til vill ekki allt sem sýnist. Eitt af dæmunum sem Arar og FitzGerald ræða er um Sómalí sem sóttust eftir að fá bandarísk vegabréf, ekki til að dvelja í Bandaríkjunum heldur til að snúa aftur heim en hafa öruggan stað til að vera á ef allt fer enn á ný í bál og brand. Þeir hefðu líklega aldrei farið vestur um haf ef þeir hefðu vitað allan tímann að þeir mættu það. Önnur dæmi sem þau taka af einstaklingum benda til að flóttamenn afli sér þekkingar á möguleikunum sem þeir hafa, ræði þá ítarlega við fjölskyldu og vini og hagi ferðum sínum af fyrirhyggju. Þótt okkur sem búum við öryggi og frið virðist ferðir þeirra ef til vill óttalegt feigðarflan eru þær oftast skásti kosturinn í vondri stöðu.

Yrði meira ferðafrelsi ef til vill til þess að fleiri dveldu um kyrrt meðan vært væri og þau sem neyddust til að flýja færðu mest á staði þar sem væri þörf fyrir vinnuafli þeirra og þau gætu sæmilega við unað?

Ég hef ekki svar við þessari spurningu en ég held að samkomulag ríkja um opnari landamæri hljóti að vera skárri kostur en núverandi skipan þar sem flest ríki virðast keppa um að vera hvert öðru lokaðra. Ríki sem fer halloka í þeirri vondu keppni fær fleiri en það getur tekið á móti. Dreifðist fólk sem nú er landflótta hins vegar um lönd og álfur yrði það aðeins hófleg viðbót við fólksflutninga sem almennt eru viðtökulöndum til hagsbóta.

(Birt á Facebook 18. ágúst 2023)